

tjeðu brjefi, en hvað sem því líður, get jeg samkvæmt 20. gr. tekjuskattslaganna frá 14. desbr. 1877 ekki fellt úr gildi úrskurð yfirsattanefndarinnar um þetta, og verður því 14. sept. að sinni við svo búíð að standa; en vitaskuld er, að hlutaðeiganda er frjálst að leita rjettar síns fyrir dómstólunum.

— Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum. — Í þóknanlegu brjefi frá 31. f. m. meðtók jeg álit stiptsyfirvaldanna um 14. sept. uppástungu þá, er hingað var send, og þar sem forstöðumaður skólans á Möðruvöllum fer fram á það, að lærisveinum skólans, sem frá byrjun næsta skólaárs verði 50 að tölu, verði skipt niður í 3 bekki, og að 3. kennarinn verði settur við skólann, sem kenni reikning, söng og leiktími, og ef á þarf að halda landafræði eða dönsku. Eptir að alþingi nú í sumar hefir fallizt á frumvarp til laga um tjeðan skóla, er ákveður, að þriðji kennari í gagnfræðum skuli koma í staðinn fyrir búfræðing þann, sem eptir 3. grein laga 7. nóvbr. 1879 átti að kenna uppdráttarlist sem og verklega og bóklega búfræði, hefi jeg, að áskildu samþykki ráðgjafans, og til þess að undirbúa breytinguna til hins fyrirhugaða nýja fyrirkomulags á skólanum, sett lœkniskandidat Þórð Thoroddsen til þess frá 1. október þ. á. að vera kennari við Möðruvallaskólann gegn því, að fá um tíma þann, er hann kennir við skólann, 800 kr. árslau þau, er ákveðin eru handa búfræðingnum með 3. gr. laga 7. nóvbr. 1879 og eptirgjaldið eptir jörðina Möðruvelli pro rata temporis, eða ef hið fyrgreinda lagafrumvarp, er alþingi fjellst á, verður staðfest, að hann þá fái laun þau, sem í 2. grein þess eru ætluð 3. kennara, 1600 kr. árlega, frá þeim tíma, er tjeð lög náí gildi.

Að því er snertir uppástungu forstöðumannsins, sem hann hefir sent hingað, um endurskoðun á skólareglugjörðinni, er jeg á sama máli og stiptsyfirvöldin, að rjettast sje að fresta að gera nokkra ákvörðun um þetta þangað til það kemur í ljós, hvort tjeð lagaboð verður staðfest.

Þetta er hjer með tjáð stiptsyfirvöldunum til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

— Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli. — Eptir 104 að fjárlaganefndin í neðri deild alþingis hafði með meðmælum sínum vísað til mín bœnarskrá frá prófastinum í Norður-Þingeyjarsýslu um, að veitast mætti Sauðanessprestakalli lán af viðlagasjóðnum til að fullgera steinhús það, sem þar er verið að byggja til íbúðar handa prestinum, og eptir að stiptsyfirvöldin með brjefi dagsettu í gær hafa látið 16. sept. í ljósi álit sitt um erindi það, er 4 alþingismenn sendu mjer með fyrgreindri bœnarskrá, vil jeg hjer með skýra stiptsyfirvöldunum frá því, er hjer greinir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

Stiptsyfirvöldin eru enn sem fyrri á þeirri skoðun, að það muni verða allt of þung byrði fyrir prestakallið, að greiða af tekjum þess vexti og afborgun af 8000 kr. láni eða 480 kr. árl. í 28 ár, auk 500 kr. eptirgjalds þess, er samkvæmt lögum um skipun prestakalla frá 27. febr. f. á. á að borgast fyrirfram af tekjum prestakallsins, frá næstu prestaskiptum, og álíta þau það því ekki tiltækilegt að samþykkja að svo stórt lán verði tekið handa prestakallinu, en að aptur kynni að vera ástæða til að veita prestakallinu minna lán, t. d. 4000 kr., með því skilyrði, að því sje varið til að ljúka